

Handbók fyrir grunnskóla

vegna móttöku viðburða á vegum *List fyrir alla*



Skólinn gegnir lykilhlutverki í *List fyrir alla*

Heimsóknir listhópa á vegum *List fyrir alla* eru hugsaðar sem viðbót við þá listgreinakennslu og viðburði sem þegar eru fyrir hendi innan skólans. Skólinn hefur alla möguleika á að útkka út og vinna með listviðburði á vegum *List fyrir alla* og viðburðina er hægt að nálgast sem viðfangsefni, aðferð og/eða upplifun. Viðhorf og viðmót í skólanum ráða miklu um hversu vel tekst til og að hve miklu leyti viðburðurinn og upplifunin af honum verður nemendum skólans mikilvæg og dýrmæt. Skólinn þekkir sinn veltuþang best og getur komið með ómetanlegar ábendingar til verkefnastjóra *List fyrir alla* til að tryggja gæði og áhrifamátt verkefnisins til framtíðar.

Samskipti og upplýsingar

List fyrir alla sendir boð á skólanetfang viðkomandi skóla með upplýsingum um heimsóknir listamanna og listviðburði. Skólastjórnendur og kennarar geta nálgast upplýsingar um *List fyrir alla* á heimasíðu verkefnisins en þar er að finna upplýsingar um huaða viðburðir standa hverju landsuæði til boða og á huaða tímum heimsóknir geta farið fram.

Í einhverjum tilfellum hafa listhóparnir samband beint við skólann án milligöngu *List fyrir alla*. Skólastjórnendur tryggja að ákvarðanir og samskipti gangi greiðlega við verkefnastjóra *List fyrir alla* og viðkomandi listamenn eða tilnefna aðra aðila innan skólans sem tengilið (t.d. aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra eða menningartengil). Þannig er tryggt að öll samskipti á milli *List fyrir alla* og grunnskólans gangi greiðlega fyrir sig.

Tengiliður grunnskólans miðlar viðeigandi upplýsingum um t.d. fjölda barna, stærð sýningarrýmis og annan aðbúnað, s.s. skjávarpa, sýningartjald, hljóðkerfi og rafmagn. Tengiliður reynir að koma til móts við þarfir listamanna eins og mögulegt er.

Móttaka, aðgengi og aðstaða

- Það er í höndum stjórnenda skólanna og/eða menningartengla að taka á móti listamönnum. Viðkomandi er beðinn um að bjóða listamenn velkomna og vera í hlutverki gestgjafa.
- Með hverjum viðburði fylgir sérstakur búnaðarlisti sem brýnt er að kynna sér, auk þess sem tryggja þarf aðgengi listamanna að rýmum, aðbúnaði og tækni sem þeir þurfa á að halda.
- Æskilegt er að skólarnir bjóða listamönnum upp á kaffi, vatn og jafnvel hressingu, ef þannig stendur á. Þetta býður auk þess upp á að starfsfólk og nemendur skólanna myndi góð tengsl við listamennina og gott tækifæri gefst til að rýna nánar í verkefnið.

Menningarráð

List fyrir alla vill vekja athygli á því að heimsóknir listamanna fela í sér kjörið tækifæri til að mynda menningarráð í skólanum sem samanstendur af nemendum og umsjónaraðila. Menningarráð tekur að sér umsjón, móttöku, aðstoð við tækni og uppsetningu viðburða. Einnig getur þessi hópur komið að frekari úrvinnslu á viðburðinum, t.d. með því að setja upp fréttir á samfélagsmiðlum, taka ljósmyndir af viðburðum, taka viðtöl við listamenn og jafnvel skrifa gagnrýni um viðburðinn.

Kannanir

List fyrir alla sendir út rafrænar kannanir í gegnum töluupóst eftir huern viðburð og eru móttökuaðilar töluupóstsins beðnir um að koma könnunum áleiðis. Mikilvægt er að skólastjórnendur og kennarar suari könnunum sem eru ætlaðar þeim. Í sumum tilfellum eru kannanir ætlaðar nemendum og þá er æskilegt að starfsfólk skólans komi þeim áleiðis til nemenda og aðstoði þá við að svara.

Upplýsingaflæði

List fyrir alla leggur áherslu á samstarf og jákvæð samkipti við starfsfólk grunnskóla og mikil áhersla er lögð á að rýna til gagns. Því eru allar ábendingar vel þegnar enda geta þær nýst við framþróun verkefnisins.

Allar viðeigandi upplýsingar og ábendingar skulu berast til verkefnastjóra *List fyrir alla* á netfangið info@listfyriralla.is.